

Fundur 9. júlí 2007

Fundur var haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 9. júlí 2007. kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Herdís Matthíasdóttir, Guðmundur Ólafsson, Egill Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Umsókn ódagsett frá Guðbjörgu Guðmundsdóttur um leyfi til að byggja sumarhús í Kvígindisfirði.
Skipulags- og bygginganefnd hefur vitneskju um að bygging sumarhússins sé þegar hafin og vill nefndin ávíta viðkomandi fyrir það og krefst þess að framkvæmdir séu þegar stöðvaðar þar til öll leyfi séu fengin. Leggja skal fram fullnægjandi bygginganefndarteikningar ásamt afstöðumynd áður en erindið verður afgreitt.
2. Umsókn dags. 29. júní 2007 frá Guðmundi Jóhanni Ólafssyni um leyfi til að byggja geymsluhús með svefnaðstöðu í landi Kirkjubóls við Nátthaga. Erindið samþykkt.
3. Umsókn dags. 20. júní 2007 frá Sæmundi Guðmundssyni um leyfi til að byggja sumarhús í Kvígindisfirði. Nefndin óskar eftir skýrari afstöðumynd þar sem lega hússins kemur skýrt fram.
4. Bréf dags. 4. júlí 2007 frá Skipulagsstofnun varðandi Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál.

1. Bréf frá Arnóri H. Ragnarssyni með upplýsingum um fyrirhugaða sölu á u.þ.b. 18,5 ha úr landi Hofstaða. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:50.

Sveinn Ragnarsson (sign)

Herdís Matthíasdóttir (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)